



# Lífskjör á Norðurlöndunum



Skýrsla Hagdeildar ASÍ  
Janúar 2006

## **Samanburður á lífskjörum á Norðurlöndum**

- Ísland stenst samanbuð við hin Norðurlöndin varðandi heildarlaun.
- Þegar tekið hefur verið tillit til verðlags í löndunum eru laun á Íslandi almennt lægri en í Danmörku, sambærileg og í Noregi og hærri en í Svíþjóð.
- Vinnutími hér á landi er mun lengri en hjá öllum hinum Norðurlöndunum.
- Þegar tekið hefur verið tillit til verðlags í löndunum og vinnutíma eru laun hér á landi almennt lakari.
- Laun íslenskra kvenna standast verr samanburð við konur hinum Norðurlöndunum en laun íslenskra karla við karla á hinum Norðurlöndunum.
- Skatttekjur hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu eru lægri á Íslandi en hinum Norðurlöndunum.
- Útgjöld til velferðarmála eru lægri á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum.
- Íslenska skattkerfið er minnst nýtt til tekjujöfnunar af Norðurlöndunum.
- Ísland er rétt um hálfdrættingur á við hin Norðurlöndin varðandi framlög til barnabóta á íbúa, þó á Íslandi séu hlutfallslega flest börn.
- Ísland er eina landið þar sem barnabætur eru tekjutengdar.
- Einhleypingar á Íslandi hafa hærri eða sambærilegar ráðstöfunartekjur og einhleypingar á hinum Norðurlöndunum.
- Íslenskar barnafjölskyldur hafa lægri ráðstöfunartekjur en danskar og norskar barnafjölskyldur en hærri en sænskar.
- Efnahagsleg lífskjör á Íslandi eru sambærileg við eða heldur lakari en á hinum Norðurlöndunum, en vinnutími er mun lengri og opinber þjónusta dýrari.

## Inngangur

Íslendingar bera lífskjör sín gjarnan saman við lífskjör annarra Norðurlandabúa. Hér er ætlunin að fara aðeins dýpra í þennan samanburð og bera saman launakjör, verðlag, vinnutíma, skattkerfi og bótakerfi. Í þessari rannsókn eru eingöngu borin saman kjör launafólks með fulla starfsorku. Lífeyrisþegar, öryrkjar og fólk sem er frá vinnu vegna sjúkdóma eða barneigna eru ekki hluti af þessari rannsókn. Hér er því fyrst og fremst tekið tillit til efnahagslegra gæða þó að lífskjör skapist út frá svo mörgum öðrum þáttum.

Spurningin sem við leitumst við að svara er eftirfarandi: Hver eru efnahagleg lífskjör íslensks launafólks í samanburði við launafólk í sömu starfsstéttum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð?

Fyrst berum við saman heildarlaun, síðan heildarlaun að teknu tilliti til verðlags og vinnutíma, þá skattkerfi og loks tilfærslukerfi (vaxta-, húsnæðis- og barnabætur). Með því móti er hægt að bera saman ráðstöfunartekjur fyrir ákveðnar fjölskyldustærðir og fá mynd sem er raunhæfari en einfaldur samanburður á heildarlaunum.

## Samanburður á launum nokkurra starfsstétta


Launagögn fyrir samanburðinn eru sótt til hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat, sem flokkar störfin eftir alþjóðlegum staðli um starfsstéttir (ISCO-88). Þessar stéttir eru stjórnendur, sérfræðingar, tæknar og sérmenntað starfsfólk, skrifstofufólk, þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk, iðnaðarmenn, véla- og vélgæslufólk og almennt verkafólk. Launin eru frá árinu 2002 en færð upp til ársins 2005 með launavísitölum landanna fyrir 2. ársfjórðung 2005.<sup>1</sup> Tekið skal skýrt fram að hér er um heildarvinnuframlag að ræða, þ.e. launin sýna heildarlaun í fullu starfi án tillits til vinnutíma.

Hvernig líta heildarlaun í starfstéttunum átta út? Hér er ekki tekið tillit til vinnutíma. Þegar mynd 1 er skoðuð kemur fram nokkuð skýrt mynstur. Íslendingar eru yfirleitt með hæstu heildarlaunin og Danir og Norðmenn yfirleitt nokkuð jafnir og nokkru lægri en Íslendingar. Svíar reka svo lestina með mun lægri heildarlaun en hinar þjóðirnar.

---

<sup>1</sup> Launin eru frá árinu 2002 og gefin upp í Evrum. Þau eru reiknuð yfir í mynt hvers lands á meðalgegni Evrópska seðlabankans árið 2002, síðan færð upp til ársins 2005 með launavísitölum landanna fyrir 2. ársfjórðung 2005. Til að fá þau samanburðarhæf eru launin reiknuð yfir í íslenskar krónur á meðalgengi ársins 2005. Launin eru gefin upp sem heildarlaun fyrir skatta. Einnig er búið að vinna gögnin þannig að gert er ráð fyrir að allir séu í fullu starfi.

Mynd 1: Heildarlaun, vísitala  
árið 2005



Þessar upplýsingar eru um launakjör óháð vinnutíma og verðlagi. Til að launin séu samanburðarhæf þurfum við að taka tillit til þessara þátta. Með því að taka tillit til verðlags í hverju landi fáum við niðurstöðu sem sýnir kaupmátt launanna.<sup>2</sup>

Tafla 1: Verðlag á Norðurlöndunum í september 2005


Ísland = 100	Vísitala
Ísland	100
Danmörk	85
Noregur	90
Svíþjóð	73

Heimild: [www.oecd.org](http://www.oecd.org). Comparative price levels September 2005.

<sup>2</sup> OECD gefur út mánaðarlega mælikvarða sem sýna mismunandi verðlag milli landa, svokallaðan jafnvirðismælikvarða. Hér er mælikvarði septembermánaðar 2005 notaður.

Í töflu 1 má sjá að verðlag er hæst á Íslandi eða 100 og langlægst í Svíþjóð eða aðeins 73 prósent miðað við Ísland. Á mynd 2 er búið að endurreikna launin svo að þau endurspegli kaupmátt.

**Mynd 2: Heildarlaun, vísitala**  
árið 2005 að teknu tilliti til verðlags



Hér sést greinilega að með því að taka tillit til verðlags í löndunum breytist myndin verulega og Danmörk tekur forystuna ásamt Noregi í flestum stéttum. Sænsku launin batna hlutfallslega mest enda lægst verðlag þar í landi af samanburðarlöndunum.

Vinnutími er langlengstur á Íslandi sem þýðir að við erum mun lengur að vinna fyrir laununum okkar en hinar þjóðirnar. Á Íslandi er verg landsframleiðsla (VLF) á íbúa næsthæst í löndunum fjórum. Noregur hefur vinninginn vegna olíuauðlinda sinna með 38.728 dollara en VLF á íbúa á Íslandi er 32.589 dollarar samanborið við 31.645 í Danmörku og 30.370 í Svíþjóð. Þegar þessum fjárhæðum er síðan deilt niður á vinnustundir dregst Ísland aftur úr en við framleiðum sem

svarar 33,7 dollurum á unna stund samanborið við Danmörku með 40,9 dollara, Noreg með 56,6 og Svíþjóð með 39,9 dollara. Framleiðni á Íslandi er því mun lægri en á hinum Norðurlöndunum en við vinnum það upp með lengri vinnutíma.<sup>3</sup>

Í töflu 2 sjáum við að íslenskt launafólk er mun lengur að vinna fyrir sínum launum en launafólk á hinum Norðurlöndunum.

Tafla 2: Meðalvinnustundir á viku, fullvinnandi eftir starfi og kyni


Kist / viku	Ísland		Danmörk		Noregur		Svíþjóð	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Stjórnendur	50.9	45.5	48.1	43.5	40.6	39.3	44.6	41.9
Sérfræðingar	47.4	42.8	41.7	38.8	39.7	38.2	41.2	40.8
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	48.4	40.8	40.8	37.2	39.1	38.0	40.9	39.6
Skrifstofufólk	44.2	41.7	38.2	36.9	38.1	38.1	39.9	39.4
Þjónustu-, sölu og afgreiðslufólk	47.6	42.5	37.5	37.6	39.3	38.3	41.6	39.1
lónaðarmenn	47.7	41.4	39.9	37.3	38.8	38.6	40.9	40.6
Véla- og vélgæslufólk	52.2	:	41.9	37.0	40.0	38.3	40.0	38.8
Almennt verkafólk	46.8	42.1	38.1	36.2	38.4	38.5	40.1	39.5

Heimild: <http://epp.eurostat.ec.eu.int>. "Average number of usual weekly hours of work in main job, by sex, professional status, full-time/part-time and occupation (hours)."

Á mynd 3 sést hvaða áhrif þetta hefur á launasamanburð á milli landanna.

<sup>3</sup> *Productivity Levels and GDP per Capita – Data: Breakdown of GDP in Its Components and Differential in GDP per Capita and Their Decomposition.* Þetta skal er að finna á [www.oecd.org](http://www.oecd.org). Fjárhæðirnar eiga við árið 2004.

Mynd 3: Meðallaun á unna klukkustund, vísitala árið 2005 að teknu tilliti til verðlags




Enn breytist myndin. Nú fara Danir og Norðmenn langt fram úr Íslendingum og Svíar eru hærri en Íslendingar eða jafnir í öllum starfsstéttum. Íslensku heildarlaunin eru því að jafnaði þau lægstu ef tekið er tillit til verðlags og vinnutíma.

Þessar niðurstöður eru í samræmi við rannsókn Hagstofu Íslands sem er unnin upp úr sömu gögnum frá Eurostat, en þar kemur fram að árslaun á Íslandi eru í hærri kantinum samanborið við önnur Evrópuríki en undir meðaltali ESB25 þegar búið er að taka tillit til verðlags og vinnutíma.<sup>4</sup>

Ef upplýsingarnar úr mynd 3 eru greindar niður á kyn kemur í ljós að íslenskir karlar standast samanburð við Norðurlöndin betur en konurnar. Hér er búið að leiðrétta fyrir verðlagi og vinnutíma.


<sup>4</sup> “Alþjóðlegur samanburður á launum á almennum vinnumarkaði 2002”. *Hagtíðindi. Laun, tekjur og vinnumarkaður*. 2005:1, 2. desember 2005.

Mynd 4: Meðallaun karla á klukkustund, vísitala  
árið 2005 að teknu tilliti til verðlags



Mynd 4 sýnir að laun íslensku karlanna eru að jafnaði þau lægstu í öllum starfstéttum fyrir utan laun sænskra skrifstofukarla og iðnaðarmanna. Á mynd 5 fást sambærilegar upplýsingar fyrir konur.

Mynd 5: Meðallaun kvenna á klukkustund, vísitala  
árið 2005 að teknu tilliti til verðlags



Íslenskar konur koma verr út í samanburðinum en íslensku karlarnir og hér sést að þær standa hlutfallslega verr að vígi í hópum skrifstofufólks, þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks, iðnaðarmanna og almenns verkafólks. Íslenskar konur bera því samkvæmt þessu minnst úr býtum fyrir vinnu sína á klukkustund af launafólki á Norðurlöndum.

Heildarlaun segja þó ekki nema hluta af sögunni. Til að geta dregið frekari ályktanir um ráðstöfunartekjur þurfum við að skoða skatt- og tilfærslukerfi landanna nánar.

## Skattkerfi Norðurlandanna

Norrænu velferðarríkin einkennast af víðtækri þjónustu sem fjármögnuð er með sköttum og oftast framkvæmd af opinberum aðilum. Velferðin nær til allra hvort sem þeir eru á vinnumarkaði eða utan hans og því þjónar kerfið hagsmunum heildarinnar enda er grunnhugmyndafræðin sú að fólk njóti jafna tækifæra. Skatt- og tilfærslukerfin eru notuð til

tekjujöfnunar og einkennast norrænu ríkin af því að ráðstöfunartekjur íbúanna eru tiltölulega jafnar miðað við mörg önnur lönd.

Skattheimta er hvergi meiri en á Norðurlöndunum. Eins og sjá má í töflu 3 eru Íslendingar með mun minni skattheimtu en Svíar og Danir og heldur minni en Norðmenn ef miðað er við skattatekjur hins opinbera sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.<sup>5</sup>

**Tafla 3: Skatttekjur hins opinbera sem hlutfall af vergri landsframleiðslu 2004**

	Danmörk	Ísland	Noregur	Svíþjóð
Skattar á framleiðslu og innflutning	18%	19%	13%	17%
Skattar á tekjur og eignir	30%	18%	22%	19%
Launatengd gjöld	3%	4%	10%	15%
<b>Heildarskattar sem hlutfall af VLF</b>	<b>50%</b>	<b>41%</b>	<b>45%</b>	<b>51%</b>

Heimild: *Nordisk statistisk årsbok 2005*, tafla 127, bls. 215.

Það er einnig svo að útgjöld til velferðarmála eru hlutfallslega hærrí í þessum löndum en á Íslandi, eins og sést í töflu 4.

<sup>5</sup> Upplýsingar um skattkerfin er að mestu að finna á heimasíðum skattayfirvalda. Þær eru á Íslandi, [www.rsk.is](http://www.rsk.is), í Danmörku [www.skat.dk](http://www.skat.dk), í Noregi [www.skatteetaten.no](http://www.skatteetaten.no) og í Svíþjóð [www.skatteverket.se](http://www.skatteverket.se).

**Tafla 4: Útgjöld til velferðarmála sem hlutfall af vergri landsframléiðslu 2003**

	<i>Danmörk</i>	<i>Ísland</i>	<i>Noregur</i>	<i>Svíþjóð</i>
Fjölskyldur og börn	4,1%	3,2%	2,9%	3,2%
Atvinnuleysi	3,1%	0,6%	0,8%	2,0%
Sjúkdómar	6,4%	8,6%	8,7%	8,8%
Aldraðir og fatlaðir	15,8%	10,7%	11,9%	18,3%
Húsnæði	0,7%	0,2%	0,2%	0,6%
Annað	1,1%	0,6%	0,6%	0,7%
<b>Heildarútgjöld</b>	<b>31,2%</b>	<b>23,9%</b>	<b>25,1%</b>	<b>33,6%</b>

Heimild: *Nordisk statistisk ársbok 2005*, tafla 44, bls. 102.

Rétt er að benda á í þessu samhengi, að á Íslandi eru hlutfallslega flest börn 17 ára og yngri í samanburði við hin löndin. Árið 2002 voru um 27 prósent Íslendinga 17 ára eða yngri í samanburði við um 21 prósent Svía. Íslendingar eru því með fleiri unga einstaklinga sem þurfa á velferðarþjónustu að halda, en jafnframt mun færri einstaklinga í elstu aldurshópnum. Á Íslandi er um tólf prósent þjóðarinnar 65 ára og eldri en sambærilegt hlutfall fyrir Svíþjóð er 18 prósent.<sup>6</sup> Íslendingar eru því eðlilega með lægri útgjöld til öldrunarþjónustu en hin löndin og ættu að sama skapi að hafa hlutfallslega hærri útgjöld til fjölskyldna og barna en eru lægri en Danir, jafnir Svíum og heldur hærri en Norðmenn.

### Tekjuskattur

Helsti munurinn á íslenska skattkerfinu og þeim dönsku, norsku og sænsku, er að hér á landi hækkar skattprósentan lítið með hækkingu tekjum, hjón eru samsköttuð hér en ekki í

<sup>6</sup> Johannes Nielsen ed., *Social Protection in the Nordic Countries 2002. Scope, expenditure and financing*. Copenhagen: NOSOSKO, 22:2004, bls. 31.

hinum löndunum og skattleysismörkin eru hæst hér á landi. Á móti kemur að skattstofninn er breiðari á Íslandi en í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Eins og lesa má úr töflu 5, greiðir íslenskur launamaður aldrei hærri skatt en sem nemur um 40 prósentum en í Danmörku, Noregi og Svíþjóð eru sambærileg hlutföll, 67%, 51% og 57%. Þar að auki hækkar skatthlutfallið þar umtalsvert við tiltölulega lægri viðmiðunarmörk en hér, sérstaklega ef tekið er tillit til þess að hér á landi eru hjón samsköttuð en ekki í hinum löndunum tveimur. Íslandi svipar þó meira til Noregs en hinna ríkjanna.

Tafla 5: Yfirlit yfir skattkerfin árið 2005

	Ísland		Danmörk		Noregur		Svíþjóð	
ISK mv. meðalgengi 2005	Viðmiðunartekjur á mánuði		Viðmiðunartekjur á mánuði		Viðmiðunartekjur á mánuði		Viðmiðunartekjur á mánuði	
Skattleysismörk í ISK á mánuði	2	75.000	3	33.000	3	75.000	3	12.000
Fjöldi skattþrepa	37,7%		46,1%		35,8%		31,6%	
Þrep 1	+2%	349.000	+6%	228.000	+12%	321.000	+20%	219.000
Þrep 3	-		+15%	273.000	+3,5%	652.000	+5%	327.000

Heimild: [www.rsk.is](http://www.rsk.is), [www.skat.dk](http://www.skat.dk), [www.skattestaten.no](http://www.skattestaten.no) og [www.skatteverket.se](http://www.skatteverket.se).

Í öllum löndunum er persónuafsláttur sem veitir skattaafslátt og ákvarðar skattleysismörk. Á Íslandi og Noregi eru þau hæst, eða um 75.000 kr. á mánuði, samanborið við 33.000 kr. í Danmörku og 12.000 kr. í Svíþjóð. Persónuafslátturinn er dreginn frá reiknuðum skatti á Íslandi en frá skattstofni í hinum löndunum.

Í Danmörku greiðir launafólk átta prósent tryggingagjald af heildarlaunum og það er dregið frá til að fá skattskyldar tekjur. Þar greiða allir skatt til sveitarfélaga og þar að auki 5,5 prósent skatt til ríkisins. Síðan bætast við tvö skattþrep til ríkisins eftir því hversu háar tekjurnar eru. Norska kerfinu svipar mjög til þess danska. Í Svíþjóð greiða allir skatt til sveitarfélaga en síðan bætast við tvö skattþrep til ríkisins ef vissum viðmiðunartekjum er náð. Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð eru því þrjú skattþrep en Ísland er með tvö þrep á viðmiðunarárinu

(2005) en aðeins eitt þrep eftir að sérstakur tekjuskattur var lagður niður 1. janúar 2006.

Í Danmörku og Noregi má, líkt og hér, draga lífeyrisðgjöld frá skattstofni, en að auki má draga frá stéttarfélagsgjöld, ferðakostnað vegna vinnu samkvæmt ákveðnum reglum og kostnað vegna sjálfstæðrar atvinnustarfsemi. Í Danmörku er einnig sérstakur frádráttur aðeins fyrir launafólk til að hvetja fólk til atvinnuþátttöku.

Í Svíþjóð er þessi kostnaður dreginn frá reiknuðum skatti en ekki frá skattstofni, sem er líkara því sem hér tíðkast, nema hvað frádráttarmöguleikar eru meiri þar en hér á landi.

Í Noregi er veittur skattafrádráttur vegna barna sem eru á leikskólum, frístundaheimilum eða hjá dagmóður. Sá frádráttur er 25.000 norskar krónur fyrir barn á ári en 5.000 krónur að auki ef börnin undir 12 ára aldri eru fleiri en eitt.

Samanburður á íslenska tekjuskattskerfinu við hin norrænu, sýnir að okkar kerfi er mun einfaldara, skattleysismörk eru hærri, hærri laun skattleggjast hlutfallslega minna samanborið við hin kerfin og tekjujöfnunaráhrif þess eru minni.

### **Fjármagnstekjuskattur**

Fjármagnstekjuskattur er mjög mismunandi í löndunum fjórum. Hér á landi eru allar fjármagnstekjur skattlagðar með tíu prósent skatti, en vaxtagjöld eru ekki frádráttarbær þó þau myndi stofn til vaxtabóta hjá þeim sem rétt eiga á þeim.

Í Danmörku eru öll hrein fjármagnsgjöld dregin frá skattstofni vegna útreiknings skatts í fyrsta skattþrepi, en lækka ekki skattstofn vegna útreiknings á skatti í efri þrepunum tveimur til

ríkisins. Hreinar fjármagnstekjur skattleggjast eins og aðrar tekjur, en þar njóta hjón þó samsköttunar.

Í Noregi skattleggjast hreinar vaxtatekjur eins og aðrar tekjur, en vaxtagjöld eru frádráttarbær frá skattstofni.

Í Svíþjóð er 30 prósent skattur af hreinum fjármagnstekjum en 30 prósent hreinna fjármagnsgjalda eru frádráttarbær frá skatti, að undanskildum vöxtum vegna námslána sem ekki eru frádráttarbærir. Af hreinum fjármagnsgjöldum yfir 860.000 kr. eru aðeins 21 prósent frádráttarbær. Hjón eru samsköttuð vegna fjármagnstekna og -gjalda.

Eignaskattar fyrirfinnast ekki í Danmörku. Á Íslandi er 0,6 prósent eignaskattur lagður á hreinar eignir yfir 4.983.140 kr. hjá einstaklingum og tvöfaldri þeirri fjárhæð hjá hjónum. Hann verður lagður niður í ár. Í Noregi er greiddur eignaskattur til sveitarfélaga og ríkis. Hann er 0,7 prósent af eignum hjóna yfir 1.500.000 kr. til sveitafélaga en eignaskattur til ríkisins er í tveimur þrepum, 0,2 prósent af eignum yfir 1.500.000 kr. og 0,4 prósent af eignum yfir 5.300.000 kr. Í Svíþjóð er eignaskattur einstaklinga 1,5 prósent af hreinum eignum yfir um 13.000.000 kr. og hjá hjónum um 26.000.000 kr. Skattleysismörkin eru því mun hærri í Svíþjóð en á Íslandi og skatturinn jafnframt hærri. Í Noregi eru eignaskattsmörkin lág og skattheimtan verður allt að 1,3 prósent við eignir rétt yfir 5 milljónum.

### **Húsnæðis- og barnabætur**

Húsnæðis- og barnabætur eru mikilvægur þáttur í framfærslu fjölskyldna á Norðurlöndunum.

Á Íslandi og í Danmörku eru húsnæðisbætur aðeins greiddar til fólks í leiguhúsnæði. Rétt er að benda á að í Danmörku er mun

algengara að fólk búi í leiguhúsnæði en hér á landi. Í Svíþjóð er ekki gerður greinarmunur á því hvort fólk á eða leigir húsnæðið sem það býr í. Þar fær barnlaust fólk yfir 28 ára aldri þó ekki greiddar húsnaðisbætur. Í Noregi nýtur barnlaust fólk yfirleitt ekki húsnaðisbóta. Þó kerfi landanna séu mjög mismunandi, þá leggja þau öll þætti eins og fjölskyldutekjur, húsnaðiskostnað og barnafjölda til grundvallar við útreikning bótanna.

Ef við reiknum húsnaðisbætur á íbúa á Íslandi sem hlutfall af bótum hinna landanna kemur í ljós að þær eru aðeins um fjórðungur af bótum í Danmörku og Svíþjóð en 80 prósent af bótum í Noregi.

Á Íslandi má líta á vaxtabæturnar sem hluta af húsnaðisbótakerfinu en það er eina landið þar sem hrein vaxtagjöld eru ekki frádráttarbær frá skatti. Hins vegar mynda hrein vaxtagjöld vegna húsnaðislána stofn að vaxtabótum. Þær eru tengdar tekjum og eignum og skerðast eftir því sem hrein eign fer vaxandi.

Barnabætur eru greiddar á öllum Norðurlöndunum og eru skattfrjálsar. Þær eru óháðar tekjum foreldra nema á Íslandi þar sem barnabætur eru tekjutengdar að undanskilinni fastri fjárhæð vegna barna undir sjö ára aldri. Tekjutenging hefur verulega skerðandi áhrif fyrir flesta þar sem tekjumörkin eru mjög lá. Barnabætur eru greiddar þar til börn eru 18 ára í Danmörku og Noregi en til 16 ára aldurs á Íslandi. Í Svíþjóð greiðast barnabætur til 16 ára aldurs en þó til tvítugs ef barnið stundar nám. Þar er fjárhæð barnabóta óháð aldri barna en það er jafnframt eina landið sem greiðir hlutfallslega hærri fjárhæðir til foreldra eftir því sem börnunum fjölgar. Á Íslandi eru greiddar hærri bætur með börnum upp að sjö ára aldri og í Danmörku er hæst greitt með yngstu börnunum upp að þriggja ára aldri, þá þeim upp að sjö ára aldri og svo minnst með eldri börnunum. Í Noregi er hærri greiðsla til einstæðra foreldra

vegna barna eins til þriggja ára sem og börnum í Finnörku og dreiföstu byggðum Noregs. Einstæðir foreldrar fá hærri bætur með börnum sínum nema í Svíþjóð. Á Íslandi fá einstæðir foreldrar líka mæðra- eða feðralaun ef þeir eru með tvö eða fleiri börn á framfæri. Þau laun eru ótekjutengd.

Þegar útgjöld eru borin saman vegna barnabóta á íbúa kemur í ljós að Ísland er rétt um hálfdrættingur á við hinar þjóðirnar í greiðslu barnabóta þó hér séu hlutfallslega flest börn.<sup>7</sup>

Meðlagsgreiðslur eru ekki hafðar með í samanburðinum hér. Til upplýsinga er þó rétt að nefna að þær eru hæstar á Íslandi eða 16.600 kr. á mánuði samanborið við 10.000 kr. í Svíþjóð, 11.000 kr. í Danmörku og 12.000 kr. í Noregi.

## Laun og ráðstöfunartekjur nokkurra viðmiðunarhópa

Til að auðvelda samanburð höfum við búið til dæmi þar sem reynt er að endurspeglar ráðstöfunartekjur nokkurra fjölskyldugerða. Þær eru:

- Dæmi 1: Einhleypur karl í sölu- og afgreiðslustarfi.
- Dæmi 2: Einhleyp kona í sölu- og afgreiðslustarfi.
- Dæmi 3: Einstæð skrifstofukona með 2 börn, þriggja og átta ára
- Dæmi 4: Einstæð verkakona með 2 börn, þriggja og átta ára
- Dæmi 5: Hjón, iðnaðarmaður og skrifstofukona, með 2 börn, þriggja og átta ára.

---

<sup>7</sup> Johannes Nielsen ed., *Social Protection in the Nordic Countries 2002. Scope, expenditure and financing*. Copenhagen: NOSOSKO, 22:2004, tafla 4.8 á bls. 55. Við samanburð á jafnvirði í Evrum sést að barnabótageiðslur á Íslandi eru mun lægri en á hinum Norðurlöndunum.

Dæmi 6: Hjón, verkamaður og verkakona, með 2 börn, þriggja og átta ára.


Útreikninga dæmanna er að finna í viðauka aftast í skýrslunni.

Hvernig litu heildarlaun þessa fólks út fyrir skatta og tilfærslur? Á mynd 6 sést að Íslendingar koma vel út úr samanburði á heildarlaunum fjölskyldna og áberandi er hversu lág laun Svíar hafa í samanburði við hinar þjóðirnar að frátöldum einhleypu einstaklingunum í þjónustu-, sölu og afgreiðslustarfi. Sú stétt er með hlutfallslega hærri laun en aðrar í Svíþjóð. Íslenska einstæða móðirin í verkamannastarfi er sú sem kemur verst Íslendinganna út gagnvart þeim dönsku og norsku.

Mynd 6: Heildarlaun fjölskyldna, vísitala


árið 2005

Ísland = 100



Eins og fram hefur komið er verðlag mismunandi í samanburðarlöndunum og til að hægt sé að gera raunhæfan samanburð á kaupmætti heildarlauna sýnir mynd 7 þau að teknu tilliti til verðlags. Hér hefur ekki verið tekið tillit til vinnutíma sem er mun lengri á Íslandi en í hinum löndunum eins og fram hefur komið.

**Mynd 7: Heildarlaun fjölskyldna, vísitala**  
árið 2005 að teknu tilliti til verðlags



Lítum fyrst á einhleypu einstaklingana. Þar koma Íslendingarnir vel út í samanburðinum og þá sérstaklega karlarnir enda hafa íslenskir karlar hlutfallslega mun hærri heildarlaun en konur miðað við hin Norðurlöndin. Staða Svía batnar hlutfallslega mest þar sem verðlag er lægst þar af samanburðarlöndunum.

Íslensku einstæðu mæðurnar hafa í báðum tilvikum lægri heildarlaun en norrænar kynsystur þeirra. Íslensku

skrifstofukonurnar hafa hlutfallslega betri stöðu í samanburðinum en íslensku verkakonurnar, sem þýðir að íslenskar konur í tekjulægri störfum hafa hlutfallslega lægri heildarlaun en konur í sambærilegum störfum í samanburðarlöndunum. Það sama á við um konur í skrifstofustörfum hér á landi, þó munurinn sé minni.

Í tveimur síðustu dæmunum berum við saman heildarlaun hjóna. Íslensku hjónin í iðnaðar- og skrifstofustarfi koma vel út úr þeim samanburði. Sama mynstur og hjá einstæðu mæðrunum kemur í ljós, þ.e. að hjónin í verkamannastörfunum koma hlutfallslega verr út hér á landi en sambærileg hjón í Danmörku, Noregi og Svíþjóð en þau með hærri tekjurnar.


Til að fá fram ráðstöfunartekjur fjölskyldnanna í dæmunum eru skattar reiknaðir af heildarlaunum og tekið er tillit til tilfærslna og skattaáhrifa vegna barna og húsnæðis. Á Norðurlöndunum er mun algengara að fólk búi í leiguhúsnæði en tíðkast hér á landi. Til að einfalda samanburðinn í dæmunum er gert ráð fyrir að allir búi í eigin húsnæði. Þetta veldur því að enginn í dönsku og norsku dæmunum nýtur húsnæðisbóta, því þær eru ekki greiddar til fólks í eigin húsnæði í þessum löndum. Á móti kemur að reiknað er með vaxtafrádrætti vegna húsnæðislána við útreikning á skattbyrði í dæmunum. Lausleg könnun sýndi að hvort heldur sem gert er ráð fyrir húsnæðisbótum eða reiknaður inn vaxtafrádráttur, þá hefur það ekki afgerandi áhrif á ráðstöfunartekjur. Miðað er við að fólkið búi í sambærilegum hverfum á höfuðborgarsvæðum landanna. Einhleypu einstaklingarnir í dæmum 1 og 2 eiga tveggja herbergja íbúð, einstæðu mæðurnar í dæmum 3 og 4 eiga þriggja herbergja íbúð og hjónin í dæmum 5 og 6 eiga fjögurra herbergja íbúð.<sup>8</sup>

---

<sup>8</sup> Þau eiga 40 prósent af markaðsverði og skulda þar af leiðandi 60 prósent. Vextir eru mismunandi milli landanna. Á Íslandi eru þeir 4,15

Ráðstöfunartekjur fjölskyldnanna í dæmunum er að finna í mynd 8.

Mynd 8: Ráðstöfunartekjur fjölskyldna, vísitala árið 2005 að teknu tilliti til verðlags



Pegar tekið er tillit til skatta og tilfærslna verða athyglisverðar breytingar á hlutfallslegri stöðu Íslendinga. Hún batnar í öllum tilvikum í samanburðinum ef frá eru taldar norsku barnafjölskyldurnar. Hvað einstaklingana varðar þá bæta þeir stöðu sína gagnvart öllum hinum þjóðunum.

Ef við lítum á einstæðu mæðurnar sjáum við að þær íslensku halda hlutfallslega meira eftir af launum sínum en þær dönsku og sænsku, en norsku mæðurnar bæta stöðu sína. Það sem vekur eftirtekt er að íslensku einstæðu mæðurnar fá engar

og verðbólgan 3,5 prósent, í Danmörku eru vextirnir óverðtryggðir og 4 prósent, í Svíþjóð eru þeir 3,65 prósent og óverðtryggðir og í Noregi eru vextir 3,5 prósent og óverðtryggðir.

vaxtabætur<sup>9</sup> en Íslendingarnir í hinum dæmunum njóta allir vaxtabóta.<sup>10</sup> Samt sem áður batnar hlutfallsleg staða þeirra gagnvart sambærilegum konum í Danmörku og Svíþjóð. Þær eru þó með lægstu ráðstöfunartekjurnar í dæmum 3 og 4 að frátöldum einstæðum mæðrum í skrifstofustarfi í Svíþjóð.

Hjá hjónunum er sömu sögu að segja og hjá einstæðu mæðrunum. Hlutfallslega batnar staða Íslendinganna gagnvart Danmörku og Svíþjóð en versnar gagnvart Noregi.

Rétt er að ítreka, að hér er um hlutfallslega stöðu Íslands að ræða. Þótt hún batni eftir skatt og tilfærslur þá eru barnafjölskyldurnar á hinum Norðurlöndunum nær alltaf með hærri ráðstöfunartekjur en þær íslensku.

Í viðauka má sjá útreikninga dæmanna og þar sést að skattar á Íslandi eru undantekningarlaust lægra hlutfall af heildarlaunum miðað við Danmörku og Svíþjóð innan sambærilegra dæma. Þó eru skattarnir í þessum löndum alls ekki jafnháir og ætla mætti ef skattprósenturnar í töflu 5 eru skoðaðar. Það kemur til af því að enginn af einstaklingunum í Svíþjóð og Noregi eru með það háar tekjur að þeir greiði skatt í 2. þrepi og í Danmörku er það aðeins iðnaðarmaðurinn í dæmi 5 sem nær upp í skattþrep 2. Í Noregi er skattprósentan alltaf lægri en á Íslandi, nema hjá tekjuhæstu hjónunum. Rétt er að benda á að í Noregi er skattkerfið með mestu frádráttarmöguleikana fyrir barnafólk. Dæmin sýna því að skattþrep 2 og 3 eru sannarlega nýtt til tekjufjónunar í skattkerfum Norðurlandanna.

---

<sup>9</sup> Sjá dæmi 3 og 4 í viðauka.

<sup>10</sup> Vaxtabótakerfið er nokkuð flókið og tengt tekjum og eignum. Útreikningar vaxtabóta eru mjög næmir fyrir eignabreytingum og því er erfitt að skapa sannverðugan útreikning, sérstaklega þegar fasteignaverð hækkar jafnmikið og það hefur gert hér á landi á síðastliðnu ári.

Pegar bæturnar eru skoðaðar sem hlutfall af ráðstöfunartekjum sést að þær eru svipaðar hjá einstæðu mæðrunum í löndunum fjórum þó þær séu áberandi lægstar í Noregi. Rétt er að minna á að í Noregi njóta þær afsláttar í skattkerfinu á móti vegna dagsvistunar. Hlutfall bóta af ráðstöfunartekjum hjónafólksins er lægst á Íslandi. Íslensku einhleypu einstaklingarnir í dæmum 1 og 2 eru þau einu sem fá bætur vegna húsnæðis en það á ekki við um hin löndin. Það er enda í þessum dæmum sem Íslendingar hafa hærri ráðstöfunartekjur en hinar þjóðirnar.

Barnabæturnar eru hærri hjá einstæðu mæðrunum í Danmörku og Noregi og á Íslandi en hjá hjónunum. Þær sænsku fá ekki hærri barnabætur en þarlend hjón, þar sem kerfið þar byggir á fastri fjárhæð á barn, óháð efnahag og hjúskaparstöðu foreldra. Hins vegar eru barnabætur til hjónafólks á Íslandi mun lægri en hjá sambærilegum hjónum í hinum löndunum og kemur það til vegna tekjutengingar bótanna hér á landi.

Hvers vegna verður staða Dana og Svía hlutfallslega verri eftir skatta og tilfærslur en hjá Íslendingum og Norðmönnum í dæmunum?

Eins og fram kom í töflu 3 þá er skattheimta mest í Danmörku og Svíþjóð og heldur hærri í Noregi en á Íslandi. Þetta endurspeglast í dæmunum. Í töflu 4 sást einnig að velferðarkerfin eru öflugri í Svíþjóð og Danmörku en í Noregi og á Íslandi. Ráðstöfunartekjum á Íslandi og Noregi er því ætlað að bera hærri kostnað vegna þjónustu sem greidd er af opinberu fé í Svíþjóð og Danmörku. Nægir hér að nefna að á Íslandi bera fjölskyldur hærri kostnað af heilbrigðisþjónustu og lyfjum sem og menntun og tómstundum barna sinna. Á Íslandi og í Noregi er því minni skattheimta en kostnaður vegna opinberrar þjónustu hærri. Danir og Svíar hafa valið þá leið að innheimta hærri skatta en veita ódýrari opinbera þjónustu.

Íslensku barnafjölskyldurnar í viðmiðunarhópunum hafa lægstu ráðstöfunartekjurnar þótt heildarlaun þeirra skerðist hlutfallslega minnst við skattheimtu. Auk þess ber að hafa hugfast að hærra hlutfall ráðstöfunartekna á Íslandi fer í að greiða fyrir opinbera þjónustu en á hinum Norðurlöndunum.

## Niðurstöður

Niðurstöður þessarar rannsóknar eru þær að Íslendingar standast vel samanburð við Danmörku, Noreg og Svíþjóð ef litið er til heildarlauna. Þegar tekið er tillit til vinnutíma og verðlags breytist þó staðan og Íslendingar verða eftirbátar hinna þjóðanna með örfáum undantekningum. Ef litið er til ráðstöfunartekna í samanburðardæmunum, þá eru íslensku barnafjölskyldurnar alltaf með lægri ráðstöfunartekjur en þær dönsku og norsku en svípar til þeirra sænsku. Þótt skatthlutfall af heildarlaunum sé lægst hér á landi og hlutfall bóta oft sambærilegt við hin löndin, þá eru ráðstöfunartekjur barnafjölskyldna hér oftast lægri, auk þess sem opinber þjónusta við þær er dýrari. Til þess að ná þessum lífskjörum þurfa Íslendingar að vinna mun lengri vinnudag en allar hinar þjóðirnar. Niðurstaða okkar er því sú að efnahagsleg lífskjör á Íslandi séu sambærileg við eða heldur lakari en á Norðurlöndunum auk þess sem vinnutími hér á landi er mun lengri og opinber þjónusta dýrari.

## Viðauki

## Dæmi 1: Karlmaður í þjónustu-, sölu- og afgreiðslustarfi

ÍSK mv. meðalgengi 2005	Ísland	Danmörk	Noregur	Svíþjóð
<b>Heildarlaun árið 2005 <sup>1</sup></b>	<b>3.427.000</b>	<b>2.626.000</b>	<b>2.604.000</b>	<b>2.692.000</b>
Greiðsla í lífeyrissjóð	-137.000	-79.000	-17.000	-188.000
Heildarskattar	-907.000	-808.000	-638.000	-751.000
<b>Nettó launatekjur</b>	<b>2.383.000</b>	<b>1.739.000</b>	<b>1.949.000</b>	<b>1.753.000</b>
Húsnæðis-/vaxtabætur	90.000	0	0	0
Barnabætur	-	-	-	-
Mæðralaun	-	-	-	-
<b>Ráðstöfunartekjur á ári</b>	<b>2.473.000</b>	<b>1.739.000</b>	<b>1.949.000</b>	<b>1.753.000</b>
<b>Ráðstöfunartekjur á mánuði</b>	<b>206.000</b>	<b>145.000</b>	<b>162.000</b>	<b>146.000</b>
Ráðstöfunartekjur á jafnvirðisgildi	206.000	171.000	180.000	200.000
Vísitala ráðstöfunartekna <sup>2</sup>	100	83	87	97
Skattar sem hlutfalla af heildarlaunum	26%	31%	25%	28%
Bætur sem hlutfall af ráðstöfunartekjum	4%	0%	0%	0%
1/ Sjá mynd 6				
2/ Sjá mynd 8				

## Dæmi 2: Kona í þjónustu-, sölu- og afgreiðslustarfi

	Ísland	Danmörk	Noregur	Svíþjóð
<b>Heildarlaun árið 2005 <sup>1</sup></b>	<b>2.738.000</b>	<b>2.398.000</b>	<b>2.338.000</b>	<b>2.636.000</b>
Greiðsla í lífeyrissjóð	-110.000	-72.000	-16.000	-184.000
Heildarskattar	-658.000	-714.000	-544.000	-750.000
<b>Nettó launatekjur</b>	<b>1.970.000</b>	<b>1.612.000</b>	<b>1.778.000</b>	<b>1.702.000</b>
Húsnæðis-/vaxtabætur	109.000	0	0	0
Barnabætur	-	-	-	-
Mæðralaun	-	-	-	-
<b>Ráðstöfunartekjur</b>	<b>2.079.000</b>	<b>1.612.000</b>	<b>1.778.000</b>	<b>1.702.000</b>
<b>Ráðstöfunartekjur á mánuði</b>	<b>173.000</b>	<b>134.000</b>	<b>148.000</b>	<b>142.000</b>
Ráðstöfunartekjur á jafnvirðisgildi	173.000	158.000	165.000	194.000
Vísitala ráðstöfunartekna <sup>2</sup>	100	91	95	112
Skattar sem hlutfalla af heildarlaunum	24%	30%	23%	28%
Bætur sem hlutfall af ráðstöfunartekjum	5%	0%	0%	0%
1/ Sjá mynd 6				
2/ Sjá mynd 8				

**Dæmi 3: Einstæð móðir í skrifstofustarfi með 2 börn, 3ja og 8 ára**

	Ísland	Danmörk	Noregur	Svíþjóð
<b>Heildarlaun árið 2005 <sup>1</sup></b>	<b>2.787.000</b>	<b>2.913.000</b>	<b>2.850.000</b>	<b>2.108.000</b>
Greiðsla í lífeyrissjóð	-111.000	-87.000	-19.000	-148.000
Heildarskattar	-675.000	-881.000	-543.000	-549.000
<b>Nettó launatekjur</b>	<b>2.001.000</b>	<b>1.945.000</b>	<b>2.288.000</b>	<b>1.411.000</b>
Húsnæðis-/vaxtabætur	0	0	0	101.000
Barnabætur	323.000	363.000	342.000	193.000
Mæðralaun	58.000	-	-	-
<b>Ráðstöfunartekjur</b>	<b>2.382.000</b>	<b>2.308.000</b>	<b>2.630.000</b>	<b>1.705.000</b>
<b>Ráðstöfunartekjur á mánuði</b>	<b>198.000</b>	<b>192.000</b>	<b>219.000</b>	<b>142.000</b>
Ráðstöfunartekjur á jafnvirðisgildi	198.000	226.000	244.000	195.000
Vísitala ráðstöfunartekna <sup>2</sup>	100	114	123	98
Skattar sem hlutfalla af heildarlaunum	24%	30%	19%	26%
Bætur sem hlutfall af ráðstöfunartekjum	16%	16%	13%	17%
1/ Sjá mynd 6				
2/ Sjá mynd 8				

**Dæmi 4: Einstæð móðir í verkamannastarfi með 2 börn, 3ja og 8 ára**

	Ísland	Danmörk	Noregur	Svíþjóð
<b>Heildarlaun árið 2005 <sup>1</sup></b>	<b>2.139.000</b>	<b>2.410.000</b>	<b>2.295.000</b>	<b>1.821.000</b>
Greiðsla í lífeyrissjóð	-86.000	-72.000	-15.000	-127.000
Heildarskattar	-440.000	-673.000	-346.000	-452.000
<b>Nettó launatekjur</b>	<b>1.613.000</b>	<b>1.665.000</b>	<b>1.934.000</b>	<b>1.242.000</b>
Húsnæðis-/vaxtabætur	0	0	0	162.000
Barnabætur	368.000	363.000	342.000	193.000
Mæðralaun	58.000	-	-	-
<b>Ráðstöfunartekjur</b>	<b>2.039.000</b>	<b>2.028.000</b>	<b>2.276.000</b>	<b>1.597.000</b>
<b>Ráðstöfunartekjur á mánuði</b>	<b>170.000</b>	<b>169.000</b>	<b>190.000</b>	<b>133.000</b>
Ráðstöfunartekjur á jafnvirðisgildi	170.000	199.000	211.000	182.000
Vísitala ráðstöfunartekna <sup>2</sup>	100	117	124	107
Skattar sem hlutfalla af heildarlaunum	21%	28%	15%	25%
Bætur sem hlutfall af ráðstöfunartekjum	21%	18%	15%	22%
1/ Sjá mynd 6				
2/ Sjá mynd 8				

Dæmi 5: Hjón, iðnaðarmaður og skrifstofukona með tvö börn, 3 og 8 ára

ÍSK mv. meðalgengi 2005	Ísland	Danmörk	Noregur	Svíþjóð
<b>Heildarlaun árið 2005 <sup>1</sup></b>	<b>6.685.000</b>	<b>6.166.000</b>	<b>6.044.000</b>	<b>4.397.150</b>
Iðgjald í lífeyrissjóð	-267.000	-185.000	-40.000	-307.795
Heildarskattgreiðslur	-1.754.000	-1.990.000	-1.509.000	-1.167.285
<b>Nettó launatekjur</b>	<b>4.664.000</b>	<b>3.991.000</b>	<b>4.495.000</b>	<b>2.922.069</b>
Húsnæðis-/vaxtabætur	64.000	0	0	0
Barnabætur	38.000	228.000	228.000	192.806
<b>Ráðstöfunartekjur á ári</b>	<b>4.766.000</b>	<b>4.219.000</b>	<b>4.723.000</b>	<b>3.114.875</b>
<b>Ráðstöfunartekjur á mánuði</b>	<b>397.000</b>	<b>351.000</b>	<b>394.000</b>	<b>259.573</b>
Ráðstöfunartekjur á jafnvíðisgildi	397.000	413.000	438.000	355.579
Vísitala ráðstöfunartekna <sup>2</sup>	100	104	110	90
Skattgr. sem hlutfall heildarlauna	26,2%	32,3%	25,0%	26,5%
Bætur sem hlutfall ráðst.tekna	2,1%	5,4%	4,8%	6,2%

1/ Sjá mynd 6

2/ Sjá mynd 8

Dæmi 6: Hjón, verkamaður og verkakona með tvö börn, 3 og 8 ára

ÍSK mv. meðalgengi 2005	Ísland	Danmörk	Noregur	Svíþjóð
<b>Heildarlaun árið 2005 <sup>1</sup></b>	<b>5.068.000</b>	<b>5.341.000</b>	<b>4.909.000</b>	<b>3.836.000</b>
Iðgjald í lífeyrissjóð	-203.000	-160.000	-32.000	-268.000
Heildarskattgreiðslur	-1.167.000	-1.636.000	-1.104.000	-979.000
<b>Nettó launatekjur</b>	<b>3.698.000</b>	<b>3.545.000</b>	<b>3.773.000</b>	<b>2.589.000</b>
Húsnæðis-/vaxtabætur	82.000	0	0	0
Barnabætur	64.000	228.000	228.000	192.000
<b>Ráðstöfunartekjur á ári</b>	<b>3.844.000</b>	<b>3.773.000</b>	<b>4.001.000</b>	<b>2.781.000</b>
<b>Ráðstöfunartekjur á mánuði</b>	<b>321.000</b>	<b>314.000</b>	<b>333.000</b>	<b>232.000</b>
Ráðstöfunartekjur á jafnvíðisgildi	321.000	370.000	370.000	317.808
Vísitala ráðstöfunartekna <sup>2</sup>	100	115	115	99
Skattgr. sem hlutfall heildarlauna	23,0%	30,6%	25,0%	25,5%
Bætur sem hlutfall ráðst.tekna	3,8%	6,0%	4,8%	6,9%

1/ Sjá mynd 6

2/ Sjá mynd 8